



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Samninganefnd vegna viðræðna við rekstaraðila og lóðarhafa bensínstöðvalóða.

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um fundargerðir samninganefndar um olíufélögin

Á fundi borgarráðs, þann. 9. desember 2021 var lögð eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Óskað er eftir að allar fundargerðir samninganefndar Reykjavíkur við olíufélögin vegna lóðaaafhendingar borgarinnar til olíufélaganna verði lagðar fyrir næsta borgarráðsfund sem haldinn verður 16. desember. MSS21120126

Með tölvuskeyti skrifstofu borgarstjórnar, dags. 15. desember 2021, var samninganefnd vegna viðræðna við rekstaraðila og lóðarhafa bensínstöðvalóða í Reykjavík sent erindið til umsagnar.

Réttur sveitarstjórnarmanns til aðgangs að gögnum, hjá því sveitarfélagi sem hann er kjörinn í sveitarstjórn, grundvallast á ákvæði 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 (hér eftir svl.). Ákvæðið er svohljóðandi:

„Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélags og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn“.

Í þessu felst meginreglan um upplýsingarétt sveitarstjórnarmanna og er hann samkvæmt ákvæðinu takmarkaður við þau málefni sem geta komið til umfjöllunar í sveitarstjórn. Sambærilegt ákvæði 28. gr. svl. er einnig að finna í 35. gr. samþykktar Reykjavíkurborgar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019. Á hinn bóginn er hvorki í umræddum ákvæðum né öðrum ákvæðum svl. mælt fyrir um að skylt sé að leggja fram gögn fyrir ráð, nefndir eða stjórnir ef að sveitarstjórnarmaður óskar þess.

Umbeðin gögn eru vinnugögn í skilningi 5. tölul. 6. gr., sbr. 8. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, sem falla undir undanþáguákvæði upplýsingalaga um upplýsingarétt almennings og er eðlilegt að trúnaður gildi um efni þess. Um er að ræða samningaviðræður við félög sem eru skráð á markaði og varða mikilvæga viðskiptahagsmuni þeirra. Samningaviðræðum við félögin er ólokið og brýn þörf er á að trúnaður ríki um efni gagnanna.

Í 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er fjallað um aðgang sveitarstjórnarmanna að gögnum og þagnarskyldu. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins, skal sveitarstjórn í samþykkt sinni kveða nánar á um meðal annars rétt sveitarstjórnarmanna til að fá afhent þar tilgreind gögn. Það hefur Reykjavíkurborg gert með setningu ákvæðis 35. gr. í samþykkt nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, en þar er mælt fyrir um að borgarfulltrúa sé heimilt að kynna sér gögn sem undanþegin eru upplýsingarétti almennings á skrifstofu



Reykjavíkurborg

borgarstjórnar. Í því sambandi skal áréttað að umrædd gögn eru ekki til afritunar, birtingar, deilingar eða dreifing

Virðingarfyllst,

Haraldur Sigurðsson
Óli Jón Hertervig
Þórhildur Lilja Ólafsdóttir